

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

8. nóvember 2006

**Efni: Umsögn Hólaskóla um frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 189. mál, Háskólinn á Hólum**

Hólaskóli þakkar landbúnaðarnefnd tækifæri á að gefa umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið er skólanum afar mikilvægt og mun skipta sköpum varðandi alla framtíðarþróun hans.

Undirritaður átti fund með helstu stjórnendum skólans um frumvarpið og neðangreindar athugasemdir og tillögur um breytingar á frumvarpinu eru gerðar í framhaldi þess fundar. Almenn ánægja er með frumvarpið og athugasemdir og tillögur því ekki margar. Eftirfarandi tillögur eru gerðar:

1)

Gerð er athugasemd við að verksvið skólans séu svo afmörkuð í frumvarpinu sem raun ber vitni. Þetta á sér sínar skýringar vegna sérhæfingar skólans.

Hvað snertir framtíðarþróun skólans er þó rétt að gefa kost á að fleiri náms- og rannsóknaviðfangsefni geti byggst þar upp. Allir skólar þróast og breytast og ekki rétt að lög hindri slíka framvindu.

Til að koma til móts við þetta sjónarmið er lagt til að 10. gr. frumvarpsins verði breytt á eftirfarandi hátt:

Við a. (29. gr.) bætist ný málsgrein (aftast) er hljóði svo:

„Skólanum er heimilt að stofna til náms og rannsókna á öðrum sviðum, enda liggi fyrir nauðsynlegar heimildir og fjármögnun sé tryggð.“

2)

Mikilvægt er að nýtt háskólaráð taki strax til við að móta stefnu skólans í samráði við landbúnaðarráðherra. Slík stefnumótun tekur bæði til skipulags og reksturs, t.d hvaða rekstrarform deilda og skólans í heild muni henta honum best og skila mestum árangri til framtíðar.

Til að koma til móts við þetta sjónarmið er lagt til að 10. gr. breytist með eftirfarandi hætti:

1. mgr. b.(30. gr.) orðist svo:

„Stjórn Hólaskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans og rekstur.“

3)

Mikilvægt er að menntastofnanir landbúnaðarins geti sett á fót eða tekið þátt í sjálfstæðum rekstri. Slík heimild er gefin í núverandi lögum um búnaðarfræðslu 36. gr. þar sem segir í lok greinarinnar: „Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.“ Æskilegt væri að þessi heimild væri enn skýrari sbr. heimild (19. gr.) í lögum um Háskóla Íslands nr. 41 frá 1999.

Lagt er til að tekið verði mið af texta 19. gr. í lögum um Háskóla Íslands 41/1999 og hann aðlagður að 36. gr. laga um búnaðarfræðslu sem útfærsla á ofangreindri heimild í lok gr. 36. Þannig gæti staðið þar:

„Menntastofnunum landbúnaðarins skal heimilt með samþykki landbúnaðarráðherra að stofna til eða eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem menntastofnanirnar vinna að hverju sinni eða styrki og efli meginviðfangsefni þeirra. Háskólaráð fara með eignarhlut háskólanna í slíkum fyrirtækjum. Jafnframt er menntastofnunum landbúnaðarins heimilt að starfrækja stofnanir sem eru á verksviði hans og heyra beint undir háskólaráð.“

Með von um að þessi umsögn gagnist landbúnaðarnefnd í umfjöllun sinni um viðkomandi frumvarp.

Virðingarfyllst,

Skúli Skúlason (sign)  
rektor Hólaskóla